

Gildandi deiliskipulag frá 2017. Mkv. 1:1000



Tillaga að breytingu á deiliskipulagi í mars 2024. Mkv. 1:1000

## GREINARGERÐ

Gerð er breyting á deiliskipulagi miðbæjarins á Siglufirði. Breytingin felur í sér eftirfarandi breytingar:

Bílastæðum við Adalgötu er fækkað úr 8 í 6 og legu þeirra hnikað til.

Til að auka umferðaröryggi þar sem Túngata og Hvanneyrarbraut mætast (efst, vestast á skipulagssvæðinu) og til að afmarka betur innkeyrslu við Suðurgötu 2 er gangstétt þar breikkuð.

Legu bílastæða við Suðurgötu er breytt úr skástæðum í samhliða stæði sem eru afmörkuð með hellulögðum flötum milli stæðanna og götunnar til að auka umferðaröryggi. Stæðunum er einnig fækkað um 1 bílastæði, úr 14 í 13. Með þessu minnkar það svæði af núverandi almenningsgarði sem skerðist.

Útlit almenningsgarðs er að hluta til breytt til baka til núverandi útlits þannig að miðja hans með göngustígum og miðsvæði helst. Neðri, nýrri hluti almenningssvæðisins/ torgsvæðisins til suðurs breytist einnig frá núverandi skipulagi hvað lega grasflata og fastra yfirborða varðar.

Grænum reit er bætt við sunnan ráðhússins, hugsaður sem mögulegur staður til að koma fyrir stytta, skúlptúr eða listaverki af einhverju tagi.

Ný lega Gránugötu helst óbreytt en lögun stoppistöðva fyrir almenningsvagna er aðeins breytt til að auðvelda akstur inn í þau.

Legu Lækjargötu (vistgötu) er hnikað aðeins til, til að færa götuna fjær brunndælunni. Til þess að skerða ekki almenningssvæðið sunnan við ráðhúsið við þessa tilfærslu eru bílastæði sem fyrirhuguð voru austan við Lækjargötu fjarlægð en í stað þeirra er 6 bílastæðum bætt við vestan við Lækjargötu ofan við brunnsvæðið. Í heildina fækkar bílastæðum um 2 stæði við þessar breytingar, úr 19 í 17.

Legu og útliti bílastæðis sem keyrt er inn á frá Gránugötu (suð-austast á skipulagssvæðinu) er breytt til að skapa rýrma almenningssvæði til hliða við Gránugötu 23. Bílastæðum fækkar um 2 stæði við þessar breytingar.

Skipulagsmörkum suð-austast á skipulagssvæðinu er breytt til að aðlaga skipulagið að aðliggjandi skipulagi hafnarvæðisins. Við þessa tilfærslu detta tvö bílastæði út af skipulagi miðbæjarins og inn á skipulag hafnarvæðisins.


Deiliskipulagið er uppfært miðað við núverandi aðstæður og nákvæmari gögn.

Umhverfisáhrif vegna deiliskipulagsbreytingar þessarar eru óveruleg. Hvað annað varðar en fram hefur komið hér gilda skilmálar gildandi skipulags.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr skipulagslaga nr123/2010 var samþykkt í \_\_\_\_\_ þann \_\_\_\_ 20\_\_ og í \_\_\_\_\_ þann \_\_\_\_ 20\_\_.

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_ 20\_\_ með athugasemdafresti til \_\_\_\_ 20\_\_.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_ 20\_\_.



Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032

## SKÝRINGAR :

- MÖRK BREYTINGA
- MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS
- VEGHELGUNARSVÆÐI
- NÚVERANDI BYGGINGAR
- LÓÐAMÖRK
- BYGGINGAREITIR
- BYGGINGAR SEM HEIMILT ER AÐ FJARLÆGJA
- W BÍLASTÆÐI INNAN ÍBÚÐALÓÐA (STAÐSETNING EKKI BINDANDI)
- ▨ BÍLASTÆÐI
- GÖTUR
- VISTGÖTUR
- NÚV. LEGA GATNA
- GÖNGUSVÆÐI / GANGSTÉTTAR
- GRÆN SVÆÐI (GRAS/GRÓÐUR)
- ▨ GANGBRAUT
- EINSTEFNUMFERÐ
- TRJÁGRÓÐUR (STAÐSETNING OG UTFÆRSLA EKKI BINDANDI)
- AFMÖRKUN 15 KM SVÆÐIS
- AFMÖRKUN 30 KM SVÆÐIS

## HÆTUMAT VEGNA OFANFLÓÐA - 2009

- HÆTTUMATSVÆÐI C
- HÆTTUMATSVÆÐI B
- HÆTTUMATSVÆÐI A

HÆÐARFJÖLDI LÓÐASTÆRÐ  
NÝTINGARHLUTFALL



BR. DAGS. BREYTING REYN. TEKN.

Fjallabyggð  
FJALLABYGGÐ  
GRÁNUGÖTU 24, 580 SIGLUFIRÐI - Sími 464 9100

LANDMÓTUN  
HAMRABORG 12 - 200 KÓPVOGUR - Sími 5330 - KT. 981204-2760 - NETFI: landmotun@landmotun.is  
MÍÐBÆR - DEILISKIPULAG  
BREYTING Á DEILISKIPULAGI  
SKIPULAG: Óskar Óm Gunnarsson SAMBYKKT  
TEKNAÐ: EP KT  
KVARDI: 1-1000 A2 KÓPVOGUR DAGS: 13.05.2024  
VERNR: TEKN. NR. BR.  
DM2402 00